

## Heimsókn í kvennaathvarf SAW í Lilongwe



Félagasamtökin Society for the Advancement of Women (SAW) í Malaví vinna að sjálfsefningu kvenna með sérstakri áherslu á aðhlyningu fórnarlamba heimilisofbeldis. Árið 2006 samþykkti malavíska þingið lög gegn kynbundnu ofbeldi og þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur frá árinu 2007 styrkt SAW til að þýða þessi lög af ensku yfir á Chichewa og Timbuka sem eru mest töluðu tungumálin í Malaví. ÞSSÍ hefur einnig styrkt samtökin í rekstri á kvennaathvarfi í höfuðborginni Lilongwe.

Ásdís Bjarnadóttir starfsnemi og tveir starfsmenn frá umdæmisskrifstofu ÞSSÍ í Lilongwe heimsóttu athvarfið á dögnum og Ásdís sendi okkur eftirfarandi pistil:

Forstöðukonan, Catherine Munthali, tók hlýlega á móti okkur og fræddi okkur um starfssemi þess. SAW athvarfið hefur verið starfandi frá árinu 2001 og er eina kvennaathvarfið fyrir fórnarlömb heimilisofbeldis í Malaví. Algengustu ástæður þess að konur leita til SAW eru barsmíðar, meðlagsmál og mál þar sem í kjölfar láts eiginmanns eða hjónaskilnaðar konum er neitað um rétt sinn til framfærslu og þær hraktar á brott af tengd-fjölskyldunni. Nýjar tölur sýna að kynbundið ofbeldi, sem og skilnaðir, eru að aukast. Árið 2007 varð 18% aukning á tilkynntum málum um heimilisofbeldi. U.þ.b. 50 mál koma til kasta SAW í mánuði hverjum og Catherine segir að stundum fallist þeim hendur yfir fjölda þeim sem leitar til þeirra í athvarfið.

Í núverandi húsnæði, sem samanstendur af þremur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi og baðherbergi, hefur athvarfið aðstöðu til að taka á móti fimm konum í senn. Þegar öll rúm konum að sofa á dýnum á gólfinu. Athvarfið var áður til húsa í stærra húsnæði sem gat hýst tólf konur en samtökin áttu í erfiðleikum með að halda því vegna hækkunar á leigu og neyddust svo til að flytja þegar eigandinn seldi húsið. Catherine talar um mikilvægi þess að finna athvarfinu varanlegt húsnæði og tryggja því þannig öruggan starfsgrundvöll.

Daginn sem við heimsóttum athvarfið voru þar tveir skjólstaðingar: ung stúlka og móðir með tvö lítil börn. Stúlkan, sem er flóttamaður frá Búrúndí, var nýkomin í athvarfið og mál hennar því enn fremur óljóst. Móðirin ásamt börnum sínum var hins



vegur búin að dvelja í athvarfinu í tvær vikur.



Eiginmaður hennar sem hún var búin að vera gift í tvö ár beitti hana ofbeldi og rak hana og börnin á dyr. Með hjálp lögreglunnar komust hún og börnin í athvarfið eftir að hafa verið á vergangi í marga daga án matar. Hámarksdvalartími í athvarfinu eru þrjár vikur. Þar er konunum séð fyrir helstu nauðsynjavörum, s.s. mat og hreinlætisvörum, og þær sjá að mestu leyti sjálfar um húsværk og eldamennsku.



SAW vinnur hörðum höndum að því að finna úrræði fyrir skjólstæðinga sína svo þeir geti snúið aftur til heimahaga sinna. Fyrsta skrefið í nánast öllum málum varðandi heimilisofbeldi er að hafa upp á eiginmanninum. Í framhaldi af því er svo næsta skref ákveðið; hvort mögulegt sé að leysa málið með milligöngu og ráðgjöf SAW eða hvort farið verði með það fyrir dómstóla. Samkvæmt Catherine er glíman við dómskerfið mesta áskorunin sem samtökin standa frammi fyrir. Lögfræðileg aðstoð er dýr og SAW búa ekki yfir nægu fjármagni til að ráða lögfræðing í fullt starf. Samtökin hafa reynt að fá lögfræðinga í sjálfboðastarf

en með takmörkuðum árangri. Spilling innan dómskerfisins er líka algeng og ef kona kemst með mál sitt fyrir dómstóla þá er mun ólíklegra að dómari úrskurði henni í hag heldur en manni hennar sem hefur yfirleitt fjárráðin og getur þar af leiðandi haft áhrif á dómarrann.

Kvennaathvarfið er ekki sérstaklega auglýst. Samt leita þangað fórnarlömb frá öllum landshlutum sem þurfa oft að ferðast langar vegalengdir. Yfirleitt hafa þau heyrt um athvarfið frá öðrum konum, SAW notar fjölmiðla til að vekja fólk til vitundar um réttindi kvenna og kynjabundið ofbeldi og sjálfboðaliðar eru úti í þorpunum með fræðslu. Í Malaví ríkti hér áður fyrr algjör þögn um heimilisofbeldi. Með tilkomu nýju laganna og herferð frjálsra félagasamtaka sem leggja áherslu á að opna umræðu um þessi mál og breyta samfélagslegum viðhorfum hefur orðið breyting þar á. Enn er mikið verk fyrir höndum en opinber umræða um þetta vandamál er fyrsta skrefið.

*ÁB/September 2008*